

11.2. Þroskaþjálfa ber að viðhalda þekkingu sinni. Telji landlæknir að þroskaþjálfi hafi sýnt að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem krefjast beri af honum skýrir hann ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álitis Þroskaþjálfskóla Íslands. Fallist hann á álit landlæknis má svipta viðkomandi starfleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

11.3. Um endurfengi starfsleyfis fer samkv. 1. gr.

12. gr.

12.1. Þroskaþjálfar skulu færa skrár eftir því sem landlæknir krefst. Óheimilt er að ónýta þær nema með leyfi landlæknis.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

13.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar geta, auk sviptingar leyfis, sbr. 12. gr. varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi. Að öðru leyti gilda ákvæði 18. greinar læknalaga, nr. 80/1969, eftir því sem við á.

14. gr.

14.1. Ákvæði læknalaga, nr. 80 frá 23. júní 1969, skulu gilda að öðru leyti um þroskaþjálfa eftir því sem við á.

15. gr.

15.1. Reglugerð þessi sem sett er með stöð í 9. gr. laga nr. 18/1978, um þroskaþjálfa, og 2. gr. laga nr. 24/1985, um starfsleyfi og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Rannsókn- og vísindasjóð hjúkrunarfræðinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. maí 1987.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir rannsókn- og vísindasjóð hjúkrunarfræðinga.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 12. maí 1987 af Maríu Finnsdóttur, fræðslustjóra Hjúkrunarfélags Íslands. Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000,00. Tekjur sjóðsins eru áætluð frjáls framlög.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hjúkrunarfræðinga til rannsókn- og vísindastarfa í hjúkrunarfræðum, sem unnin verða hér á landi.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta með kaupum á verðtrygðum verðbréfum eða á annan sambærilegan hátt, enda séu slík bréf trygð með ríkisábyrgð, bankaábyrgð eða öruggu fasteignaveði. Höfuðstól sjóðsins, að meðtöldum verðbótum og framlögum í hann, má ekki skerða. Vöxtum af höfuðstól má úthluta í styrki samkvæmt 2. gr. þegar stjórn sjóðsins ákveður.

4. gr.

Stjórn Hjúkrunarfélags Íslands skal skipa þriggja manna stjórn, þ.e. formann og tvo meðstjórnendur til fjögurra ára í senn. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðendum Hjúkrunarfélags Íslands.

Verði Hjúkrunarfélag Íslands og félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga sameinuð í eitt félag, skal stjórn þess félags koma í stað stjórnar Hjúkrunarfélags Íslands.

5. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd styrkveitinga og reikningshald sjóðsins. Haldin skal gerðabók um störf stjórnarinnar.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir stjórn Hjúkrunarfélags Íslands.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 154 1963, um skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, með síðari breytingum.

Að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 2. gr. 1. tölulaga nr. 35 1970, um skipan prestakalla o. fl. og samkvæmt meðmælum biskups Íslands, eru eftirfarandi breytingar gerðar á skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154/1963 og síðari breytingum nr. 189/1967, 71/1968, 143/1971, 74/1972, 234/1973, 57/1975 og 285/1980.

Á eftir 22. tölulið (Seljaprestakall) komi tveir nýir liðir er orðist svo:

23. Hólabrekkuprestakall:

Hólabrekkusókn. Sóknin takmarkast af Elliðaám að norðan og austan, en að vestan og sunnan gagnvart Breiðholtsprestakalli og Fellaprestakalli liggja mörkin þannig: Eftir Höfðabakka vestan og sunnan Vesturhóla og Suðurhóla að Austurbergi, vestan Austurbergs á móts við Gerðuberg, norðan Gerðubergs og sunnan Hólabergs að Elliðaám.

Öll hús við Vesturhóla, Suðurhóla og Gerðuberg tilheyra Hólabrekkusókn, svo og hús við Austurberg, nema nr. 1 til 3 að vestan og 2 til 20 að austan er tilheyra Fellasókn.

24. Hjallaprestakall:

Hjallasókn. Sóknin nær yfir Kópavogskaupstað austan eftirtalinnar markalínu: Frá bæjarmörkum Kópavogs og Reykjavíkur, austan Furugrundar, yfir Nýbýlaveg (milli húsa